



Dagsetning: 4. september 2024

Málsnúmer: 2406138/0

Til Bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Þarfagreining vegna húsnæðisuppbyggingar fyrir 60+

Á 855. fundi bæjarráðs þann 01. júlí 2024 var tekin fyrir tillaga á að farið verði í þarfagreiningu vegna húsnæðisuppbyggingar fyrir aldurshópinn 60 ára og eldri. Bæjarráð vísaði því til áframhaldandi hugmyndavinnu í öldungaráði. Öldungaráð fundaði þann 27. ágúst 2024. Ragnar Sigurðsson, formaður bæjarráðs var gestur á fundinum.

Fundarmenn eru sammála um að mikil þörf er á að auka framboð á íbúðum í sveitarfélaginu fyrir eldra fólk til að geta flutt í minna og hentugra húsnæði á efri árum. Mikilvægt er að eldra fólk hafi bæði val um að leigja húsnæði og kaupa. Huga þarf að hentugri stærð á íbúðum bæði fyrir einstaklinga og hjón/sambúðarfólk. Hentug stærð fyrir hjón/sambúðarfólk gæti verið þriggja herbergja íbúð og tveggja herbergja íbúð fyrir einstakling. Rætt var um að parhús gæti hentað mörgum en stærra fjölbýli gæti átt við í einhverjum tilfellum. Nauðsynlegt er að byggt verði samkvæmt hugmyndum algildrar hönnunar þar sem gætt er að aðgengi fyrir alla. Gæta þarf hófsemi á verðlagningu íbúða bæði til kaups og leigu. Fundarmenn vildu koma á framfæri að það sem hefur meðal annars áhrif á það að fólk er síður að minnka við sig húsnæði er hátt fasteignaverð. Fólk er að fá minna fyrir sínar eignir en það þarf að leggja út fyrir nýjum og vill síður skuldsetja sig á efri árum. Þegar horft er á staðsetningu húsnæðis er gott að huga að nálægð við þjónustu. Því meira val um staðsetningu innan sveitarfélagssins því betra.

f.h öldungaráðs

Ólafur H. Gunnarsson

Ólafur Helgi Gunnarsson
Formaður öldungaráðs

